

Heilbrigðisstofnun Vesturlands

Ásgeir Ásgeirsson, framkvæmdastjóri, svarar nokkrum spurningum

■ ■ ■ Sigdís Þóra Sigþórsdóttir

Hvað nær þjónustan yfir stórt svæði? Hvert er þjónustusvæði stofnunarinnar? Hver er íbúafjöldi?

Þjónustusvæðið er Vesturland, Austur-Barðastandarsýsla, Strandasýsla og Vestur-Húnavatnssýsla, um 10.300 ferkílómetrar. Íbúar eru tæplega 18.000. Auk þeirra koma margir sjúklingar af höfuðborgarsvæðinu og víðar að í valskurðaðagerðir. Stór hópur kvenna nýtir sér þjónustu fæðingardeildarinnar á sjúkrahúsinu á Akranesi, og háls- og bakdeildin í Stykkishólmi sinnir sjúklingum alls staðar af landinu.



Hver er starfsmannafjöldi Heilbrigðisstofnunar Vesturlands?

Í árslok árið 2013 var fjöldi fastra starfsmanna 338 í 240 stöðugildum.

Hver eru markmið og gildi stofnunarinnar? Til dæmis hvað varðar starfsumhverfi og einnig gagnvart sjúklingum?

Gildi: Virðing – Traust – Fagmennska.

Hlutverk/markmið:

Heilbrigðisstofnun Vesturlands veitir almenna og sérhæfða heilbrigðisþjónustu í heilbrigðisumdæmi Vesturlands í samræmi við lög og reglur á hverjum tíma. Þjónustan skal veitt íbúum umdæmisins og öðrum sem eftir henni leita.

Er þörf fyrir enn fjölbreyttari heilbrigðisþjónustu?

Helst mætti efla þjónustu barnalækna og geðlæknisþjónustu.

Er vöntun á mannaúði? Á hvaða sviðum helst?

Nú er mesti skorturinn á sérmenntuðum heilsugæslulækum, bæta þarf við stöður kvensjúkdómalækna. Þá vantar í stöður hjúkrunarfræðinga á nokkrum stöðum um starfssvæðið.

Hvað eru margir sjúklingar meðhöndlaðir að meðaltali á ári?

Fjöldi einstaklinga árið 2013 voru ríflega 24.000 talsins, fjöldi innlagna og koma á heilsugæslu og göngudeildir sjúkrasviða voru samtals um 180.000 talsins, tæplega 500 hvern dag ársins.

Hvað hefur stofnunin yfir mörgum sjúkrabílum að ráða og hvað óku þeir marga km árið 2013?

Sjúkrabílar eru 15 talsins. Þrír á Akranesi og varabifreið fyrir Vesturland, tveir í Borgarnesi, tveir í Búðardal, einn á Grundarfirði, einn á Hólmavík, tveir á Hvammstanga, tveir á Ólafsvík og einn í Stykkishólmi. Bílarnir óku samtals 215.000 km árið 2013 eða 161 x hringveginn.



Starfssvæði HVE.

Hvað tóku ljósmæður ykkar á móti mörgum börnum árið 2013?

Árið 2013 var tekið á móti 224 börnum og í ár stefnir í mun fleiri fæðingar. Flestar fæðingar voru árið 2010, eða 358 talsins.

Hver er framtíðarsýn Heilbrigðisstofnunar Vesturlands?

Heilbrigðisstofnun Vesturlands veitir almenna og sérhæfða heilbrigðisþjónustu í heilbrigðisumdæmi Vesturlands í samræmi við lög og reglur á hverjum tíma. Þjónustan skal veitt íbúum umdæmisins og öðrum sem eftir henni leita.

Á HVE er lögð áhersla á virðingu, traust og fagmennsku. Vel ferð skjólstæðinga skal höfð að leiðarljósi. Stuðlað er að virkri sí- og endurmenntun starfsfólks.

Hlutverk heilsugæslusviðs HVE er að

- veita almenna lækniþjónustu (heimilislækningar), almenna hjúkrunarþjónustu, heimahjúkrun og slysa og bráðamóttöku,
- vinna að forvörnum og annast mæðravernd, ungbarna- og smábarnavernd, heilsugæslu í grunnskólum og aðra heilsuvernd.

Hlutverk sjúkrasviðs HVE er að

- leitast við að veita fjölbreytta sérfræðiþjónustu sem næst heimabyggð,
- annast almenna og sérhæfða sjúkrahúsþjónustu ásamt viðeigandi stoðþjónustu, eftir þörf og umfangi á hverjum stað. Starfrækja hjúkrunardeildir og sinna öldrunarþjónustu þar sem slík þjónusta er ekki veitt af sveitarfélögum eða öðrum.
- HVE sér um sjúkraflutninga í heilbrigðisumdæminu. Sjúkraflutningar eru starfræktir frá sjúkrahúsum og heilsugæslustöðvum eftir aðstæðum á hverju svæði.
- HVE tekur þátt í menntun heilbrigðisstétta í samvinnu við Háskóla Íslands, Háskólann á Akureyri og aðrar menntastofnanir.